

Ársskýrsla faghóps leikskólaliða 2018

Faghópur leikskólaliða hélt ársfund sinn þriðjudaginn 20. mars 2018. Fundurinn var haldinn í húsnæði Eflingar, Sætúni 1.

Dagskrá fundarins var:

- Hefðbundin ársfundarstörf
- Skýrsla stjórnar
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Fundarstjóri var Þuríður Ingimundardóttir

Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir skýrslu stjórnar og Harpa Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð.

Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðasta ár. Þar komu fram vangaveltur um hvað það þyrfti að gera til þess að fá fleiri leikskólaliða til að mæta á fundi. Farið verður í þá vinnu á nýju ári. Tveir fundir voru haldnir á árinu 2017, ársfundur og sameiginlegur fræðslufundur félags- og leikskólaliða – *Skiptir gleðin máli*.

Kosning stjórnar

Stjórn Faghóps leikskólaliða

Aðalbjörg Jóhannesdóttir	Leikskólinn Holt	2 ár	2018-2020
Hólmfríður Sævarsdóttir	Leikskólinn Seljakot	2 ár	2018-2020
Sigurrós Kristinsdóttir	Efling-stéttarfélag	2 ár	2018-2020
Elín Jónsdóttir	Leikskólinn Rofaborg	2 ár	2017-2019
Sigurlaug Brynjólfsson	Leikskólinn Jörfi	2 ár	2017-2019

Aðalbjörg og Sigurrós gáfu kost á sér áfram en Harpa Ásgeirsdóttir gaf ekki kost á sér áfram í stjórn en ætlar að vera áfram virk í starfinu. Þökkum henni fyrir frábært samstarf og bjóðum Hólmfríði velkomna í stjórnina.

Önnur mál

Sigurrós fór yfir ýmis baráttumál sem hafa áunnist á liðnum árum en baráttan þarf að halda áfram. Þess vegna er mjög mikilvægt að hafa sterkan hóp í félaginu til að fylgja eftir áherslum okkar í öllum málum innan félagsins. Við verðum að standa saman til að ná árangri.

Umræður spunnust um laun leikskólaliða og um að námið verði betur metið. Þar komu fram óskir um að það yrði farið í þá vinnu og því þarf að fylgja eftir. Sigurrós benti á þær leiðir sem væru færar í þeim efnum, það þarf að koma fram ósk frá leikskólaliðum um endurmat á náminu með sterkum rökum. Ragnar og Sigurrós eru tilbúinn til að koma að þeirri vinnu.

Heitar umræður urðu um undirbúningstíma leikskólaliða, því er ekki fylgt eftir á öllum leikskólum þó það komi fram í bókun kjarasamninga að svo skuli vera.

Bókun 10

Um undirbúningstíma á leikskólum

Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs mun ganga eftir því við leikskólastjóra að leiðbeinandi/leikskólaliði sem tekur að sér hópastarf verði tryggður tími til undirbúnings og úrvinnslu verkefna. Samstarfsnefnd aðila skal gera úttekt á stöðu mála fyrir 1.apríl 2016.

Ragnar og Sigurrós fylgja þessu eftir í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Að lokum var boðið upp á kaffi og veitingar.

Haustfundur faghópa leikskóla- og félagsliða

Sameiginlegur haustfundur leikskóla- og félagsliða var haldinn 14. nóvember 2017. Matti Ósvald Stefánsson var með fyrirlesturinn *Sigraðu sjálfan þig og hitt kynið* þar sem hann sagði frá því hvernig kyn eru ólík og bregðast mismunandi við. Óhætt er að segja að margir samsamanað sig með reynslusögum hans og ólíkum kenjum kynjanna og hafði fólk bæði gagn og gaman af. Því eins og Matti sagði þá eigum við að bæta hvort annað upp og njóta þess að vera saman. Að lokum var boðið upp á kaffi og veitingar. Tæplega 60 manns voru á fundinum.

Ársfundur Faghóps leikskólaliða 20.mars 2018

Dagskrá fundarins

- Hefðbundin ársfundarstörf
- Skýrsla stjórnar
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Fundarstjóri var Þuríður Ingimundardóttir.

Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir skýrslu stjórnar.

Harpa Ásgerisdóttir ritaði fundargerð.

Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2017. Þar komu fram vangaveltur um það hvað þarf að gera til þess að fá fleiri til að mæta á fundina. Farið verður í þá vinnu á nýju ári. Tveir fundir voru haldnir á árinu 2017. Ársfundur var haldinn 25.apríl 2017 ,þar voru hefðbundin ársfundarstörf og kosning stjórnar. Að fundi loknum var sameiginlegur fræðslufundur með Faghópum Félagsliða og Leikskólaliða. Sigríður Hulda var með fyrirlesturinn **Skiptir gleðin máli**.

Að lokum var boðið upp á kaffi og veitingar. Tæplega 60 manns voru á fundinum.

Haustfundur faghópa leikskóla og félagsliða var haldin 14.nóvember 2017.

Sameiginlegur haustfundur leikskóla og félagsliða var haldinn 14.nóvember 2017. Matti Oswald var með fyrirlesturinn **Sigraðu sjálfan þig og hitt kynið** þar sem hann sagði frá því hvernig kyn eru ólík og bregðast mismunandi við. Óhætt er að segja að margir hafi samsamað sig með reynslusögum hans og ólíkum kenjum kynjanna og hafði fólk bæði ganga og gaman af. Því eins og Matti sagði þá eigum við að bæta hvort annað upp og njóta þess að vera saman. Að lokum var boðið upp á kaffi og veitingar. Tæplega 60 manns voru á fundinum .

Fundirnir voru haldnir í Eflingu-stéttarfélagi Sætún 1